



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4. 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
menntamalaraduneyti.is

Menntaskólinn á Egilsstöðum
Helgi Ómar Bragason, skólameistari
v/Tjarnabraut
700 Egilsstöðum

Reykjavík 6. júní 2008
Tilv.: MMR08010098/6.21.0-


Efni: Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla á vormisseri 2008

Með vísan til bréfs menntamálaráðuneytis dags. 11. janúar sl. þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða úttekt á sjálfsmatsaðferðum Menntaskólans á Egilsstöðum á vormisseri 2008, sendir ráðuneytið yður hér meðfylgjandi niðurstöður úttektarinnar. Voru niðurstöðurnar kynntar yður af úttektaraðilum áður en þær voru sendar ráðuneytinu. Samantekt um heildarniðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla á vormisseri 2008 er einnig meðfylgjandi og verður hún birt á vef ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is. Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum einstakra framhaldsskóla verða birtar þegar niðurstöður allra skóla liggja fyrir.

Menntaskólinn á Egilsstöðum uppfyllir bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats. Ráðuneytið fagnar þessum góðu niðurstöðum.

Fyrir hönd ráðherra


Stefán Baldursson


María Gunnlaugsdóttir

Ljósrit: Skólanefnd

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Menntaskólans á Egilsstöðum á vormisseri 2008

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Menntaskólans á Egilsstöðum var í höndum Unnars Hermannssonar, Ásrúnar Matthíasdóttur og Þrastar Olafs Sigurjónssonar og var unnin á tímabilinu febrúar – apríl 2008. Eftirfarandi eru meginniðurstöður úttektarinnar:

Staða sjálfsmats

Skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat liggur fyrir.	Já
Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram.	Já
Staða sjálfsmats í skólanum.	Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram á öllum helstu þáttum skólastarfsins
Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gefin út.	Já

Sjálfsmatsaðferðir

Eftirfarandi eru niðurstöður um sjálfsmatskerfi Menntaskólans á Egilsstöðum, sbr. viðmið menntamálaráðuneytis í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Sjálfsmatskerfið telst:	
Formlegt	Já
Altækt	Já
Áreiðanlegt	Já
Samstarfsmiðað	Já
Umbótamiðað	Já
Árangursmiðað	Já
Stofnanamiðað	Já
Einstaklingsmiðað	Já
Lýsandi	Já
Greinandi	Já
Opinbert	Já

Heildarniðurstaða

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans:	Fullnægjandi
Framkvæmd sjálfsmatsins telst:	Fullnægjandi

Greinargerð úttektaraðila

Menntaskólinn á Egilstöðum var heimsóttur 28. apríl en áður hafði verið haft samband við skólann bæði með tölvupósti og símtölum og gekk mjög greiðalega að fá öll gögn frá skólanum fyrir fundinn. Mjög vel var tekið á móti úttektaraðilum og vel staðið að kynningum. Rætt var við stjórnendur skólans, sjálfsmatsnefnd, fulltrúa kennara og nemenda sem allir gáfu góðar upplýsingar um sjálfsmat skólans.

Í stuttu máli má segja að staða sjálfsmats við skólann sé fullnægjandi og í góðum farvegi. Vel er staðið að undirbúningi, markmiðssetningu, úrvinnslu og en tækifæri er til að vinna að bættir nýtingu á niðurstöðum. Matið er úrbóta- og árangursmiðað en vinna má betur að aðgeraðar- og þróunaráætlunum eins og kom fram í máli viðmælanda. Skólinn er ekki fjölmennur og könnunum og úttektum dreift á annir á skynsamlegann hátt til að ofgera ekki þátttakendum. Ljóst var að unnið hefur verið markvisst að sjálfsmati um nokkur ára skeið við skólann og sjálfsmatið tekur til allra helstu þátta í skólastarfinu. Mikið af upplýsingum liggur á heimasíðu skólans en æskilegt væri að tekin væri saman stutt formleg sjálfsmats skýrsla þar sem helstu niðurstöður sjálfsmatsins væru dregnar fram til að koma á framfæri á einfaldan og aðgengilegan hátt helstu þáttum í starfsemi skólans.

Að okkar mati uppfyllir Menntaskólinn á Egilstöðum allar kröfur menntamálaráðuneytisins til sjálfsmatsins.